

**Nr. 036 / 11 Örfirisey RE 4*****Skipverji slasast við fall***

Skipaskr.nr. 2170  
Smíðaður: Noregi 1988, stál  
Stærð: 940,2 brl. 1845 bt.  
Mesta lengd: 65,47 m Skráð lengd: 57,67 m  
Breidd: 12,8 m Dýpt: 8 m  
Vél: Wichmann 3000 kW 1988  
Fjöldi skipverja: 27



Örfirisey©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 27. maí 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 17. janúar 2011 var Örfirisey RE 4 á siglingu á Vestfjarðarmið. Veður: NA 20 m/s

Skipverji var að standa upp úr stól í brú þegar skipið hjó öldu með þeim afleiðingum að hann kastaðist fram og fékk slæman hnykk á bakið. Siglt var með skipverjann til Ísafjarðar.

**Nefndarálit:**

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.